

## Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um óháða úttekt á þjónustu- og nýsköpunarsviði varðandi hagræðingu og framtíðarskipulag sviðsins

Borgarstjórn samþykkir að gerð verði óháð úttekt á þjónustu- og nýsköpunarsviði varðandi hagræðingu og framtíðarskipulag sviðsins.

### Greinargerð

Flokkur fólksins leggur fram tillögu þess efnis að óháður aðili utan borgarkerfisins verði fenginn til að gera allsherjar úttekt á þjónustu- og nýsköpunarsviði m.t.t. hagræðingar og útvistunar þeirra þátta innan sviðsins sem betur er fyrir komið í höndum sérfræðinga á einkamarkaði.

Það er öllum ljóst að framkvæmd stafrænnar umbreytingar Reykjavíkurborgar hefur hingað til ekki skilað því sem ætlað var í upphafi. Á annan tug milljarða sem ákveðið var að ráðstafa í stafræna vegferð Reykjavíkurborgar fyrstu þrjú árin, er núna uppurinn með öllu. Einnig hefur sviðið nú þegar fengið mikið fjármagn síðustu tvö árin utan þess sem búið var að ráðstafa í stafræna umbreytingu. Þrátt fyrir þetta er þjónustu- og nýsköpunarsvið enn að sækja um háar fjárhæðir í stafræn verkefni sem að öllu jöfnu ætti nú þegar að vera lokið.

Það er því löngu tímabært að borgarbúar fái úr því skorið í eitt skipti fyrir öll hvort þeir miklu fjármunir sem þeir hafa verið að greiða í stafræna vegferð undanfarin ár hafi með flestum hætti skilað sér í formi tilbúinna lausna sem nú þegar ættu að hafa litið dagsins ljós.